



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

⌚ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 14. ágúst 2007
Tilvisun: UST20070700133/sf

Allt að 5.000 tonna sjókvíaeldi á laxi í Berufirði. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Í gögnum framkvæmdaraðila, þ.e. fyrirtækisins Síberíu ehf, kemur fram að áætlað er að framleiða 5.000 tonn af laxi í sjókvíum á ári. Um er að ræða fjórar kvíabyrpingar sem staðsettar verða við Gautavík, Skálavík, Eyyvindarnes og Lindabrekku en staðsetning eldissvæða var tekin í samráði við sveitarstjórnarmenn. Staðsetningin er hvorki talin trufla veiðar sem stundaðar eru í firðinum né valda truflun á skipaumferð. Hver kvíabyrping með fóðurpramma og botnfestingum mun ná yfir svæði sem er 1,5 km x 0,5 km. Ráðgert er að framleiða allt að 5.000 tonn á hverri staðsetningu. Ætlunin er að nýta aðeins eina til tvær staðsetningar hverju sinni og verða svæðin hvíld á milli kynslóða. Gert er ráð fyrir allt að tveggja ára eldislotum á staðsetningum.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felast í efnamengun, áhrifum á botndýralíf, hugsanlegri erfðablöndun, sammögnunaráhrifum með öðru fiskeldi og sjúkdómahættu. Í greinargerð sem fylgir tilkynningu framkvæmdaraðila er fjallað um framangreind atriði og telur Umhverfisstofnun að þeim séu gerð góð skil. Samkvæmt þeim gögnum má skilgreina Berufjörð sem síður viðkvæmt svæði. Engar laxveiðiár eru í Berufirði og er fjarlægð kvíá frá næstu laxveiðiám meiri en sú sem tilgreind er í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og blöndun laxastofna. Fyrilliggjandi athuganir á botndýralífi sýna að það er svipað og annars staðar á Austfjörðum, fyrir utan tegundina eyjaþara sem vex í Fossárvík og er á válista yfir plöntur. Sú tegund hefur ekki fundist annars staðar við landið, sbr. umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar vegna sjókvíaeldis Salar Islandica í Berufirði. Í framangreindri greinargerð segir að engar líkur séu á að þarinn verði fyrir skaðlegum áhrifum af 5.000 tonna eldi sem rekið er í nokkurri fjarlægð frá vaxtarvæði þarans. Einnig er vísað til þess að það sé mat sérfræðinga Náttúrustofu Vestfjarða að engin hætt sé á að eldisstarfsemi Síberíu ehf muni hafa áhrif á vöxt og viðgang eyjaþarans. Það álit Náttúrustofu Vestfjarða er ekki fylgigagn í greinargerð með tilkynningu

framkvæmdaraðila, en Umhverfisstofnun telur að slíkt hefði verið eðlilegt í ljósi þess að vísað er til áltsins.

Umhverfisstofnun telur að í greinargerð með tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir því að ekki séu líkur á að fyrrhugað laxeldi í Berufirði með 5.000 tonna ársframleiðslu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru hér að framan, nema botndýralíf. Stofnunin telur eðlilegt að framkvæmdaraðili leggi fram álit sérfræðinga á því að ekki séu líkur á að fyrrhugað fiskeldi Síberíu ehf í Berufirði hafi skaðleg áhrif á eyjaþara.

Fyrrhugað laxeldi er starfsleyfisskylt sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir ativnnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi (og rekstrarleyfi) eru sett skilyrði varðandi efnanotkun, vöktun umhverfisins, gerð og styrkleika kvía og fleiri atriði sem hafa bein áhrif á mengunarþætti og getur almenningur gert athugasemdir við auglýst starfsleyfi.

Virðingarfullst

Sigurður Friðriksdóttir
fagstjóri

Héði Jónsson
forstöðumaður